

Fundargerð háskólaráðs

329. fundur haldinn 29. apríl 2013

Í stofu 262, Borgum, kl. 12.30 – 15.30

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.30.

Mættir voru auk hans:

Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Óskar Þór Vilhjálmsson varafultrúi háskólasamfélagsins

Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra

Sigrún Stefánsdóttir varafultrúi háskólaráðs

Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Bragi Guðmundsson formaður dómnefndar HA

Anna Elísa Hreiðarsdóttir formaður jafnréttisráðs HA

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð, mál til kynningar

1301017

Fundargerð 328. fundar var samþykkt.

Rektor sagði frá því að Listskreytingasjóður hefur veitt styrk að upphæð 1. mkr. til endurnýjunar verksins Some Thames. Rektor mun skipa nefnd til að gera tillögur að staðsetningu verksins í húsakynnum á Sólborg og einnig að því í hvaða rýmum hægt væri að sýna önnur listaverk í eigu skólans. Verkið Some Thames verður endurnýjað og komið fyrir merkingu á því með nauðsynlegum upplýsingum.

HK
K.A.
HEA
SI
5/8

Háskólinn mun leggja fram styrk til gerðar vísindapátta sem Ari Trausti Guðmundsson gerir fyrir sjónvarpið. Leitað verður til forseta fræðasviða um hugmyndir að efni frá HA til að fjalla um.

Fram kom fyrirspurn um hvort staða forstöðumanns miðstöðvar skólaþróunar hefði verið auglýst. Rektor mun athuga það máli.

2. Rekstraryfirlit janúar-mars

1303027

Úlfar dreifði yfirlitinu og útskýrði það. Staða fræðasviða og stoðþjónustu er 23,98% af áætlun og staða skólans í heild er 22,60% af áætlun, en viðmiðið er 25%. Flest bendir til að rekstur skólans verði í samræmi við áætlun á árinu.

Fram kom að ferlið varðandi endurnýjun á tölum og tækjum er þannig að kennarar koma óskum um tækjakaup til forseta fræðasviða og þeir koma þeim áleiðis til framkvæmdastjóra og forstöðumann rekstrar í upphafi árs.

Rektor þakkaði Ólafi og Úlfari fyrir og fóru þeir af fundinum.

3. Dómnefndarálit, Edward H. Huijbens

1211013

Bragi kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn. Bragi gerði grein fyrir dómnefndarálitinu og niðurstöðu dómnefndar. Dómnefnd metur Edward hæfan til að hljóta framgang dósent-prófessor.

4. Dómnefndarálit, Trausti Þorsteinsson

1210081

Bragi gerði grein fyrir dómnefndarálitinu og niðurstöðu dómnefndar. Dómnefnd metur Trausta hæfan til að hljóta framgang lektor-dósent.

Rektor þakkaði Braga fyrir og fór hann af fundinum.

Háskólaráð staðfesti einróma niðurstöðu dómnefndar um hæfi Edwards H. Huijbens og Trausta Þorsteinssonar til að hljóta framgang.

HA KJA Hef
gh

5. Ársskýrsla jafnréttisráðs HA

1305082

Anna Elísa Hreiðarsdóttir kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna.

Gerði hún grein fyrir svörum jafnréttisráðs við spurningum Jónu Pálsdóttur jafnréttisfulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytis, dags. 2. apríl 2013. Ráðuneytið aflar upplýsinga um jafnréttismál háskólanna árlega og eru svörin jafnframt ársskýrsla jafnréttisráðs. Anna Elísa kynnti stöðu mála við HA.

Umræður urðu um jafnréttismálin við HA. Fram kom m.a. að mikilvægt er að háskólinn hafi kynjafræðinámskeið í kennaranámi, með vísun til þess að jafnrétti er einn af grunnþáttunum í nýrri aðalnámskrá grunnskólanna. Rætt var um kynjahalla í HA og almennt í háskólum, og mögulegar ástæður hans og leiðir til að vinna á móti.

Fram kom að Anna Elísa hefur nýverið hlotið styrk til að vinna að jafnréttisverkefni og var henni óskað til hamingju með það.

Rektor þakkaði Önnu Elísu fyrir og fór hún af fundinum.

6. Breytingar á reglum um rannsóknamisseri kennara við HA

1305083

Rannsóknamisseranefnd leggur til breytingar á reglum nr. 355/2012 um rannsóknamisseri kennara við HA. Eftirfarandi var samþykkt:

- 1. gr. b-liður 2. mgr. verður:

Frá og með 15. september 2014 þurfa a.m.k. 10 rannsóknastig (afstig) að meðaltali á ári, á síðustu 3-5 árum, eða vera úr neðangreindum flokkum Matskerfis opinberra háskóla:

- 3. gr. c-liður verður:

Sé ekki hægt að verða við öllum gildum umsóknum um rannsóknamisseri er umsóknum raðað eftir fjölda rannsóknastiga sem umsækjendur hafa aflað sér. Rannsóknastig eru talin frá þeim tíma er stigatalningu lauk vegna síðasta rannsóknamisseris viðkomandi, eða frá þeim tíma sem hann hóf störf, að hámarki 10 ár aftur í tímann.

7. Skipun rannsóknamisseranefndar

1301004

Handwritten notes in blue ink at the bottom right of the page, including the initials "K.A." and "HEA", and some other illegible markings.

Háskólaráð samþykkti að skipa rannsóknamisserranefnd til 1. júní 2016. Í nefndinni eru:

Elísabet Hjörleifsdóttir formaður

Úlfar Hauksson forstöðumaður

Páll Björnsson prófessor

Til vara fyrir Elísabetu og Úlfar er Halldóra Haraldsdóttir dósent og til vara fyrir Pál er Hreiðar Þór Valtýsson lektor.

8. Önnur mál

Óskar sagði frá því að starfsfólk hefur miklar áhyggjur af stöðu Uglunnar, ekki síst vegna brautskráningar sem er framundan. Bréf frá starfsfólki um það verður sent háskólaráði.

Rektor greindi frá erfiðleikum varðandi forritun Uglunnar til að mæta þörfum HA, sem að hluta til er ástæða þess hvernig staðan er nú.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.30.

Kristín Asbjörnsdóttir
Ljónin Ljónsdóttir

Haldis Erna Asbjörnsdóttir
Svanbjörnard.

Ólafur V.

Hanna Gunnarsdóttir